

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi, t. d. fyrir lengri tíma), og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum.

Sé um óskipulagt hverfi að ræða, eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur samkv. lögum nr. 10/1960 um söluskatt, með síðari viðaukum og breytingum, er talinn með í upphæð gjaldanna, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka og lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. og 2. lið gjaldskrár um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Njarðvíkur nr. 73 10. marz 1969.

Atvinnumálaráðuneytið, 27. október 1969.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 271.

29. október 1969.

AUGLÝSING

**um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verzlana
á Akureyri nr. 11 6. janúar 1966.**

1. gr.

1. og 2. mgr. 5. gr. orðast svo:

Bæjarstjórn getur leyft, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að söluturnar og sambærilegir sölustaðir séu opnir alla daga frá kl. 08.00 til kl. 20.00 á tímabilinu 1. janúar til 31. marz. Á tímabilinu 1. apríl til 31. desember frá kl. 08.00 til 23.30, sbr. þó a-lið 4. gr.

Einnig getur bæjarstjórn leyft, að minjagripaverzlanir hafi opið alla daga frá kl. 08.00—23.30 á tímabilinu 1. júní til 15. september, enda verði sótt um leyfið til bæjarráðs.

Samþykktarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. október 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.